

**468. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 23. janúar 2023 og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Þórir Guðmundsson formaður, Halldóra Björk Norðdahl varaformaður, Gerður Ágústa Sigmundsdóttir aðalmaður, Dagný Finnbjörnsdóttir varamaður, Auður Helga Ólafsdóttir varamaður og Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

**Fundargerð ritaði:** Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094**

2 trúnaðarmál lögð fyrir.

*Trúnaðarmál rædd og afgreidd, fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar. Auður Ólafsdóttir vék af fundi undir afgreiðslu máls 2022110115 vegna vanhæfis.*

**2. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ. - 2016120045**

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ endurskoða þarf 5. gr. sem hefur áhrif á greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings til einstaklinga.

*Frá því að reglur Ísafjarðarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning tóku gildi þá hefur Húsnæðis- og mannvirkjanefnd hækkað sínar greiðslur. Í ljósi þess þykir velferðarnefnd nauðsynlegt að hækka hámarks - og lágmarksviðmið sem tiltekin eru í 5. gr. reglnanna. Þannig verði stuðningur veittur þeim sem mest þurfa á að halda. Þannig verði húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei hærri en samtals kr. 90.000.- og að húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geti aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki sé greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum sé kr. 55.000.- eða lægri.*

**3. Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni - 2022090010**

Lagður fram til kynningar undirritaður samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, dagsettur 30. desember 2022. Jafnframt lögð fram til kynningar skipunarbréf fulltrúa í umdæmisráðinu.

*Velferðarnefnd þakkar fyrir kynningu sviðsstjóra á umdæmisráði barnaverndar og hver sé staða mála.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

---

Pórir Guðmundsson

---

Halldóra Björk Norðdahl

---

Gerður Ágústa Sigmundsdóttir

---

Dagný Finnbjörnsdóttir

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir

---

Margrét Geirsdóttir

---

Harpa Stefánsdóttir